

186

14. des.

## Samþykkt

um ýmisleg atriði, er snerta fiskiveiðar af opnum bátum og skipum í verstöðum Norðfjarðar samkvæmt lögum 14. desbr. 1877.

1. Frá 15. júlímán. til 15. október má engin leggja lóðir utar í sjó en að línu þeirri er hjer segir:  
b, Fyrir Norðfjörð frá Barðsneshorni og í Dalatanga.
2. Enginn má hafa skelfisk til beitu.
3. Enginn má afhöfða nje slægja fisk á sjó úti, og ekki mega þilskip, sem liggja fyrir akkeri á fjörðum, en hafa báta úti til fiskjar, gjöra það nema á landi. Komi bátur úr róðri með slægðan fisk, skoðast hann að hafa brotið þessa grein, nema hann strax sanni og leiði votta að, að hann hafi gjört það á landi.
4. Handferi, skötulínu og gagnvadi má hver stunda, hvar sem hann vill.
5. Allir eru skyldir að hafa brennimark eða annað glöggt merki á uppistöðum sínum og tilkynna það hlutaðeigandi hreppsnefnd.
6. Enginn má vísitjandi leggja línu ofan í línu annars manns.
7. Formaður báta og skipstjóri skipa hafa að öllu leyti ábyrgð á því, ef þessi samþykkt er brotin, en aptur á móti eru einn fyrir alla og allir fyrir einn skyldir að greiða honum það tjón, er af brotinu leiðir, ef það sannast, að þeir hafi verið brotinu samþykkir.
8. Hver, sem stundar fiskiveiðar á opnum skipum í Norðfjarðarhrepp, er skyldur til að veita því nákvæma eptirtekt, hvort brotið er á móti samþykkt þessari. Hver sem kemst að því, að brotið hafi verið móti samþykktinni, skal innan þriggja sólarhringa þar frá tilkynna brotið hlutaðeigandi hreppstjóra eða sýslumanni.
9. Samþykkt þessa skal einnig hafa prentaða til útbýtingar, borgar sýslusjóður helming kostnadarins en hinn helminginn af hlutaðeigandi sveitarsjóði. Samþykktina skal einnig birta í bláði Austanlands.
10. Kostnaður sá, sem kann að leiða af samþykkt þessari, og ekki er gjört ráð fyrir borgun hans hjer að framan, borgist af hlutaðeigandi hreppssjóð eptir úrskurði sýslunefndar.
11. Allir þeir, sem til úthalds liggja fyrir innan línu þessa, sem um er getið í 1. grein þessarar samþykktar, eru bundnir við hana, og skal hún einnig ná til smáaunglalínulagna þeirra, sem liggja til vers í Seley.
12. Um sektir fyrir brot gegn þessari samþykkt fer samkvæmt 7. gr. í lögum 14. desbr. 1877, þannig að uppljóstrar maður fær  $\frac{1}{3}$  og  $\frac{2}{3}$  í fátækra sjóð þann, er verstöðusamþykkt hans er brotin.

\* \* \*

Framanskriðuð samþykkt var þannig staðfest á almeunum fundi í Norðfirði þann 3. júlí þ. á. og samþykkt að gilda fyrst um sinn 1 ár af sýslunefnd Suður-Múlasýslu þann 15. september. 1880.

Jón Johnsen.

\* \* \*

Samþykkt þessi staðfestist hjer með af undirskrifuðum amtmanni til að öðlast gildi, 1. dag aprilmán. 1881 og kunngjörst öllum hlutaðeigendum til eptirbreytni.

Skrifstofu norður- og austuramtsins 14. desembr. 1880.

Christiansson.